

Nr. 1095

19. nóvember 2008

AUGLÝSING

**um deiliskipulag vegna stækkunar og breytinga á íbúðarbyggðinni
Vaðlabrekku í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi.**

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 9. september deiliskipulag vegna stækkunar og breytinga á íbúðarbyggðinni Vaðlabrekku í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að bætt sé við fimm íbúðarhúsalóðum og eru tvær þeirra við núverandi götu, en þrjár með götutengingu austur frá henni.

Skilmálar yfir húsagerð E2 gilda fyrir nýju lóðirnar, að því undanskyldu að á lóð nr. 13 verði heimilt að byggja íbúðarhús, með aukaíbúð, allt að 500 m². Á lóð nr. 12 er heimilt að vera með allt að 45 m² aðstöðuhús auk íbúðarhúss og bílgeymslu. Þá er húsagerð breytt á lóð nr. 11 úr E1 í E2 og hámarksvegghæð úr 3,0 m í 7,0 m og hámarksheildarhæð úr 6,0 m í 7,0 m. Stærð skipulagssvæðisins er um 7,0 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Svalbarðseyri, 19. nóvember 2008.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. desember 2008